


Þessi fallegi vasi er eftirmynd Esjunnar, eins og sjá má, þegar grannt er að gáð. Þetta stef er að finna í fleiri myndum Steinunnar af ýmsum gerðum. — Borðið er svipað þeim, sem munirnir verða sýndir á. Höfundur þess er eiginmaður Steinunnar, Sverrir Haraldsson, listmálari, en borðin hafa þá náttúru, að hægt er að taka þau sundur og raða þeim saman á andartaki. Ljósm. Vísis Bragi.

mundssonar, myndhöggvara. Hún brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955, stundaði nám í Handíða- og myndlistaskólanum 1956—57, og Hochschule fur bildende Kunste í Vestur-Berlín 1957—60 með leirkeragerð sem aðalgrein. Þegar heim kom, vann hún um skeið hjá Glit h.f., rak eigið leirverkstæði frá 1961 til 1966 og tók á þeim árum þátt í samsýningum innanlands og utan.

1966—67 lagði hún stund á nám í teiknikennslu, og 1967—73 hélt hún námskeið í leirkerasmíð fyrir almenning. Þann tíma hefur hún ekki sýnt og ekkert látið frá sér fara af verkum.

Þetta er því í senn fyrsta einkasýning Steinunnar og hið fyrsta, sem hún hefur látið frá sér fara í nærri átta ár.

Sem fyrr segir kennir ýmissa grasa á sýningu Steinunnar. Auk þess, sem áður er talið, má nefna veggskildi, blómapotta, vasa, lampa, platta, kertastjaka og sjálfsagt fleira. Sýningin verður opin til 13. apríl, og er mikill hluti verkanna til sölu. Nokkuð er í einkaeign, og „ég er ekki viss um, að ég vilji selja alveg allt", sagði Steinunn. „Þá missi ég tengslin við það, sem ég hef verið að gera".

—SHH

„Sjálfsákvörðunarrétturinn viðurkenndur..."

— stofnfundur baráttusamtaka í kvöld

„Viðurkenndur sé sjálfsákvörðunarréttur kvenna varðandi fóstureyðingu innan 12 vikna meðgöngu...."

Þannig segir meðal annars í tilkynningu frá baráttusamtökum fyrir sjálfsákvörðunarrétti konu til löglegrar fóstureyðingar. Stofnfundur þessara samtaka verður haldinn á Hótel Sögu í kvöld.

Markmið samtakanna er að vinna að því, að breytingar, sem gerðar hafa verið í upphaflegri gerð frumvarps til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir verði niður felldar.

Þá leggja samtökin megináherzlu á sjálfsákvörðunarrétt kvenna. Fjóstureyðingin sé alltaf neyðarúrræði, og skilyrði sé, að kona sé frædd um áhættu samfara slíkri aðgerð og að henni sé gerð grein fyrir þeirri félagslegu aðstoð, sem þjóðfélagið veitir þungaðri konu og móður.

Þá er lögð áherzla á, að skólar á skyldunámsstigi veiti fræðslu um kynlíf, barneignir og notkun getnaðarvarna.

Fundurinn hefst klukkan 20.30 í Súlnasal.

—EA

Halda 25. ráðstefnuna á tíu árum á þrítugsafmælinu

Í byrjun næsta mánaðar efnir Samband íslenzkra sveitarfélaga til 25. ráðstefnunnar, sem haldin er á vegum sambandsins, og eru þá jafnframt liðin tíu ár, síðan starfsemi þessi hófst. Um leið getur sambandið haldið upp á þrítugsafmælið.

Til umræðu á þessari 25. ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga verður efnið Sveitarstjórnir og menningarmál. Meðal annars verður fjallað um samstarf ríkis og sveitarfélaga í menningarmálum og leitazt við að svara því, hverjar séu skyldur sveitarstjórna í menningarmálum.

—SHH

Akureyrarplast á markað ytra

Plastiðjan Bjarg á Akureyri hefur fengið pöntun á raflagnaefni frá fyritæki í Hollandi. Forráðamenn verksmiðjunnar hafa leitað markaða ytra og sent sýnishorn af vörum í því skyni. Nú er eftir að vita hvort ekki verður áframhald á útflutningi á þessari vöru Akureyringanna.

Ölvun á ölvun ofan

— ölvaður tók bíl, en ölvaður eigandinn tók annan

Honum fannst eigandinn of ölvaður til þess að keyra bíl sinn, svo hann ákvað bara að setjast sjálfur undir stýrið. Það versta var bara, að hann hafði sjálfur bragðað of mikið af áfengum drykkjum um kvöldið og var þar að auki réttindalaus.

Það er víst ekki í fyrsta skipti, sem slíkt skeður á laugardagskvöldi í Reykjavík, en ekki er alltaf, sem eigandinn nær sér í annan bíl til þess að ná í sinn eiginn.

Þeir höfðu verið að skemmta sér eitthvað saman fyrrnefnt kvöld, þegar þetta skeði. Lögreglan fann þann réttindalausa og sagði honum til syndanna.

Eigandinn var ekki alveg á því að láta bíl sinn frá sér, svo hann settist upp í bíl móður sinnar og ók niður á lögreglustöð til þess að fá bíl sinn aftur. Lögreglan var þó ekki lengi að sjá, að maðurinn var ekki allsgáður, og fékk hann að sjálfsögðu ekki að setjast undir stýri strax aftur.

—EA

60 útköll á 6 tímum

— mest ölvað ungt fólk

— mikil ölvun á föstudagskvöld

60 útköll á rúmum 6 tímum. Það þykir nokkuð mikið hjá lögreglunni. Þetta átti sér stað aðfaranótt laugardagsins, eða rétt um og eftir miðnætti hjá lögreglunni í Reykjavík.

Aldrei var þó um neitt stórmál að ræða. Að sögn lögreglunnar var aðallega um að ræða slagsmál, rifrildi eða annað slíkt í samkomuhúsum eða heimahúsum.

Hér virtist eingöngu um ungt fólk að ræða. Var sá yngsti 14 ára gamall, en þeir elztu um tvítugt og rétt þar yfir. Var Bakkus alls staðar í spilinu.

Var unga fólkið annaðhvort héðan úr Reykjavík eða nágrenni. Engin alvarleg meiðsli urðu þrátt fyrir slagsmálin. Nokkrir voru teknir ölvaðir við akstur og virtist talsvert um ölvun á föstudagskvöldið. Ekki kunni lögreglan neina skýringu á, hvers vegna svo mikið var um ölvun þetta kvöld.

Þrátt fyrir annirnar kom ekkert alvarlegt upp.

—EA

Ingólfsstræti 5





Vorsala á skinnfatnaði
Mikill afsláttur

SÍMI 2-81-30

GRÁFELDUR HF.